



## **186. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 26. nóv. 2015 kl. 09:30.**

Mætt: Eydís Þ. Indriðadóttir, Haraldur Eiríksson, Jón Hjartarson, Jón G. Valgeirsson, Sigursveinn Már Sigurðsson (fulltrúi kennara), Olga Líska Garðarsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigprúður Jónsdóttir, Þorkell Ingi Sigurðsson (fulltrúi nemenda) og Þórarinn Ingólfsson.

Sandra formaður skólanefndar setti fundinn og síðan var gengið til dagskrár.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundargerð**

Fundargerð 185. fundar var samþykkt án athugasemda.

#### **2. Rekstraráætlun – Gjaldskrá - Haraldur**

Haraldur Eiríksson renndi yfir rekstraráætlun skólans. Gert er ráð fyrir að unnið verði á skuldastöðu skólans og því ætti staðan að verða betri á næsta ári. Nokkrir óvissuþættir eru í áætluninni vegna kjarasamninga og fleiri þátta. Sértektjur hafa verið að dragast saman. Haraldur endaði á því að segja það að allt væri á réttri leið.

Haraldur fékk það verkefni á síðasta fundi skólanefndar að koma með tillögu að nýrri gjaldskrá vegna útleigu húsnæðis FSu. Haraldur kynnti tillöguna og útskýrði hvern þátt fyrir sig. Kom fram í máli hans að nokkur hækkun yrði frá fyrri gjaldskrá sem er frá árinu 2008. Tillagan sem Haraldur lagði fram var samþykkt.

#### **3. Stutt kynning á skólareglum – OLG**

Skólameistari kynnti skólareglur sem endurskoðaðar voru í upphafi haustannar. Hún sýndi reglurnar á heimasíðunni og dró fram helstu atriði. Umræður urðu um reglurnar.

#### **4. Nemendagarðar – ÞI/OLG**

Aðstoðarskólameistari kynnti stöðuna á nemendagörðunum. Umræður urðu um framhaldið og hvað ætti að gera. Ýmis sjónarmið komu upp. Óskað er eftir að skólastjórnendur athugi með hugsanlega möguleika fyrir nemendur næsta haust. Vert er að athuga með aðkomu SASS að þessu máli.

#### **5. Vinnumat – kynning – ÞI/OLG**

Aðstoðarskólameistari kynnti vinnumatið og hvernig það gengur fyrir sig. Vinnumatið var kynnt í mjög grófum dráttum.



## 6. Ytri úttekt - OLG

Ákveðið að skólameistari sendi skýrslu vegna ytri úttektar á nefndarmenn og umræðum verði frestað til næsta fundar.

## 7. Framkvæmdir við nýtt hús - OLG

Skólameistari sagði frá hvernig framkvæmdir ganga við viðbyggingu verknámshúss. Í máli hennar kom meðal annars fram að fjármagn til búnaðarkaupa væri allt of lítið. Gert er ráð fyrir um 80 millj. til búnaðarkaupa. Skólameistari hefur sent út bréf til fyrirtækja þar sem óskað er eftir stuðningi frá þeim.

## 8. Önnur mál:

**A.** Reiknað er með brautskráningu laugardaginn 19. desember kl. 14:00 og er öllum skólanefndarmönnum boðið.

**B.** Sandra óskar eftir að á næsta fundi verði stefnt á að ræða eitthvað af þeim málum sem tengjast hlutverki skólanefndar samkv. lögum.

Næsti fundur er fyrirhugaður 18. febrúar 2016 kl. 09:30

Fundi slitið kl. 11:20  
Fundarritari,  
Þórarinn Ingólfsson